

GJALDSKRÁ

Ferðamálastofu.

1. gr.

Gjöld skv. 27. gr. laga um skipan ferðamála nr. 73/2005.

Fyrir útgáfu starfsleyfa og skráningu á starfsemi skal greiða:

Ferðaskrifstofuleyfi	30.000 kr.
Ferðaskipuleggjendaleyfi	20.000 kr.
Skráning á starfsemi	15.000 kr.

2. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 27. gr. laga um skipan ferðamála nr. 73/2005, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá 1. september 2016. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1228/2005.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. ágúst 2016.

Ragnheiður Elín Árnadóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Sigrún Brynja Einarsdóttir.